

Mánudaginn 25. júnímánaðar.

Nr. 54/1893:

Rjettvísinn

gegn

Magnúsi Ólafssyni.

## D ó m u r :

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 4. sept. f. á., var hinn ákærði Magnús bóndi Ólafsson í Kvíhúsum í Grindavík dæmdur fyrir skjálafölsun samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað og iðgjöld til Hermanns Jónssonar 59 kr. 89 a., en dómi þessum er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfir dómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýstum atvikum löglega sannað, að hann, sem er óskrifandi sjálfur, ljét son sinn á 14. ári, sem eigi hefur verið ákærður í þessu máli, enda tjáist hafa verið grunlaus um, að nokkuð óleyfilegt væri í því, skrifa 4 skjöl eða seðla undir nafni Hermanns bónda Jónssonar á Hrauni, þar sem Hermann er látinn biðja faktor Knudtzons verzlunar í Keflavík að láta ákærða fá í reikning hans (ákærða) það er ákærði bæði um upp á ábyrgð Hermanns. Seðlarnir voru útgefnir 24. janúar, 16. marz, 9. apríl og 6. maí 1892, og notaði ákærði þá jafnharðan, og fjekk út á þá við nefnda verzlan ýmsar vörur, mestmegnis nauðsynjavörur, að upphæð samtals 59 kr. 88 a. Ákærði hefur fært sjer til afsökunar, að hann hafi verið bjargarlaus handa fjölskyldu sinni og treyst á góðmennsku Hermanns, enda hafi ætlað, að eigi kæmi til að hann (Hermann) þyrfti að borga úttektina

fyrir sig, þar sem hann hefði haft nægan fisk til að leggja inn fyrir skuldinni. Hann hefur og borið, að hann hafi boðið Hermanni að endurborga honum með fiski upphæð þá, er hann tók út á ábyrgðarþjefin, en Hermann hafi eigi viljað taka við fiskinum. Síðar hefur Hermann greitt upp í úttektina 50 kr. eptir kröfu verzlunarinnar og af þeim hefur ákærði endurborgað honum 20 kr.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður verið ákærður eða dæmdur fyrir neitt lagabrot, er rjettilega heimfært af undirdóm-aranum undir 270. gr. almennra hegningarlaga og þykir hegningin fyrir það með skýrskotun til 63. gr. sömu laga og tilliti til þess, að taka verður trúanlegan framburð ákærða um framboð hans á fullri borgun skuldarinnar til Hermanns Jónssonar, svo að hann fyrir það álízt geta notið góðs af niðurfærslu þeirri á hegningunni, er leyfð er í enda 270. gr., hæfilega ákveðin 5 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Í iðgjöld til Hermanns Jónssonar ber ákærða að greiða 30 krónur. Svo ber ákærða að greiða allan af málinu gegn honum í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur orðið nokkuð seinfara, en dráttur sá þykir eptir atvikum nægilega rjettlættur af undirdóm-aranum. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Magnús Ólafsson sæti fangelsishegningu

við vatn og brauð í 5×5 daga. Í iðgjöld ber honum að greiða Hermann Jónssyni á Hrauni 30 krónur. Svo greiði hann og allan af máli þessu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálflytningu Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 15/1894:

Ritstjóri Hannes Þorsteinsson  
 gegn  
 bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r:

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. jan. þ. á., var Hannes Þorsteinsson ritstjóri í máli, er bæjarfógetinn í Reykjavík, Halldór Daníelsson, að boði amtsins hafði höfðað gegn honum út af meiðyrðum, dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli um bæjarfógetann dæmd dauð og marklaus, og ennfremur var hann dæmdur til þess að greiða kostnað málsins, þar á meðal dagpeninga og ferðakostnað til hins setta dómara, sýslumanns Franz Siemens, 45 kr., og 15 kr. til hins skipaða talsmanns bæjarfógetans, Hannesar landritara Hafsteins.